

# Helstu niðurstöður eineltiskönnunar 2014 5. – 10. bekkur

## Kynning fyrir foreldra í Austurbæjarskóla

1

## Áminning til foreldra

- \* Foreldrar ræði við börnin sín um líðan þeirra í skólanum
- \* Foreldrar spyrji um féлага barnanna, hvernig þeim líði, hvort einhver sé hafður útundan
- \* Foreldrar hafi samband við skólann, ef þeim finnst ástæða til að óttast um einelti, annað hvort við umsjónarkennara eða beint við eineltisteymið í gegnum heimasíðuna. Þar er hægt að setja inn nafnlausu tilkynningu með því að fara inn á „eineltisteymi“ vinstra megin á forsíðu
- \* Foreldrar og kennarar vinni saman að lausn eineltismála, þannig næst bestur árangur!!

## Almennt um könnunina

- \* Könnunin var lögð fyrir 4. – 10. bekk í tölvustofunni í lok nóvember. Fyrirlögn gekk vel. Lesið var sérstaklega úr tölum í 4. bekk og niðurstöður birtar sér.
- \* Alls svöruðu rúm 96 % nemenda í 5. – 10. bekk
- \* Könnunin var lögð fyrir á íslensku, en einnig á ensku, pólsku og litháísku
- \* Könnunin var ekki lögð fyrir þá nemendur, sem talið væri að hefðu ekki möguleika á að skilja spurningalistann eða þá sem voru nýbyrjaðir í Austurbæjarskóla

3

## Niðurstöðurnar gleðiefni


- \* Einelti mældist mjög lítið í Austurbæjarskóla í ár eins og síðustu ár
- \* Það sýnir að sú vinna og þekking sem við höfum þróað allt frá árinu 2002 er farin að bera ríkulegan ávöxt
- \* Það er okkur hvatning til að vinna áfram markvisst og faglega gegn einelti
- \* Hér á eftir er aðeins kynnt lítið brot af þeim miklu upplýsingum sem könnunin veitir og eru alfarið eign skólans og hjálpartæki í vinnunni gegn einelti

4

## Líkar vel / illa að vera í skólanum 5.-10. bekkur

- \* 88,3 % líkar mjög vel eða vel í skólanum
- \* 10,5 % hlutlaus
- \* 3 nemendum líkar illa en engum mjög illa í skólanum

Líkar illa eða mjög illa (%)



5

## Góðir vinir í skólanum

- \* Enginn nemandi segist vera vinalaus í skólanum.
- \* 8 börn segjast eiga einn vin
- \* 96,6% segjast eiga 2 góða vini eða fleiri
- \* Mikilvægt að finna sig í „hópi vina“
- \* Yfirgnæfandi meirihluti nemenda á marga vini, sem er jákvætt

## Hve oft hefur þú orðið fyrir einelti? 5.-10. bekkur

### \* Telst ekki einelti:

<input type="checkbox"/> ekki orðið fyrir einelti	88,2 %	}	96,2%
<input type="checkbox"/> bara mjög sjaldan	8,0 %		

### \* Telst einelti:

<input type="checkbox"/> 2 eða 3 í mánuði	3,0 %	}	3,8%
<input type="checkbox"/> einu sinni í viku	0,0 %		
<input type="checkbox"/> oft í viku	0,8 %		

7

## Hve oft hefur þú orðið fyrir einelti?

### \* Stelpur:

<input type="checkbox"/> 2 eða 3 í mánuði	3,1 %	}	4,7%
<input type="checkbox"/> einu sinni í viku	0,0 %		
<input type="checkbox"/> oft í viku	1,6 %		


### \* Strákar:

<input type="checkbox"/> 2 eða 3 í mánuði	2,7 %	}	2,7%
<input type="checkbox"/> einu sinni í viku	0,0 %		
<input type="checkbox"/> oft í viku	0,0 %		

8


## niðurstöður undanfarin 12 ár

- \* Einelti mældist nú 3,8% í 5. – 10. bekk
- \* Ofurlítill aukning frá síðasta ári. Fleiri tóku þátt nú
- \* Innan við 4% einelti er góð niðurstaða en þó vildum við komast enn lengra auðvitað 😊




9

## Birtingarform eineltisins



10

## Hvar á eineltið sér stað?




11

## Hve lengi hefur eineltið staðið

- \* 1 stelpa hefur verið lögð í einelti í um það bil hálf t. ár.
- \* 2 strákar segja eineltið hafa staðið yfir skemur en hálfan mánuð (!)
- \* Enginn nemandi segist hafa verið lagður í einelti lengur en hálf t. ár
- \* Svörin við þessari spurningu ekki kannski alveg áreiðanleg, 2 svara í raun ekki eða virðast misskilja spurninguna

## Gætir þú hugsað þér að leggja nemanda í einelti sem þú kannt ekki við?



Austurbæjarskóli 2012-2013

13

## LANGflestir vilja ekki taka þátt í einelti

- \* Á glærinni hér á undan sést glöggst að lang, langflestir vilja ekki taka þátt í einelti
- \* Þarna er hópurinn sem þarf að virkja betur og koma í veg fyrir að taki óbeinan þátt
- \* Þögn er sama og samþykki
- \* Rannsóknir sýna að ekki þarf fleiri en tvo nemendur sem mótmæla eineltinu og láta það skýrt í ljós, - til að stöðva eineltið í flestum tilvikum
- \* Reglubundin fræðsla um einelti og birtingarmyndir þess er hér undirstaðan að árangri

Austurbæjarskóli 2012-2013

14

## starfið í skólanum

- \* Eineltisteymi sem í eru 12 manns hittist mánaðarlega. Nokkrir í teyminu eru komnir með góða þjálfun í viðtölum við nemendur. Mikilvægt er að fjölga þeim sem eru virkir í að taka viðtöl því að það hefur sýnt sig að þau skila góðum árangri. Endurnýjun þarf að eiga sér stað og fleiri að koma að málum. Þeir sem hafa leitt verkefnið í mörg ár brenna út á endanum, en það er ekki í boði í þessari vinnu! Eineltið hverfur ekki hversu góð sem við verðum í að vinna gegn því.
- \* Að okkar mati byggist þessi góði árangur aðallega á tveim atriðum: vandaðri og skilvirkri vinnu þegar mál koma upp OG virkri umræðu og fræðslu í bekk, sem kennarar skólans hafa sinnt vel ... en ætíð má auðvitað gera betur. Umsjónarkennarar eru hér lykilpersónur og endurteknar áminningar, fræðsla og umræður skilar sér. Ýmislegt fleira, t.d. skipulag í bekk, röðun í hópa o.fl. hefur líka sitt að segja.
- \* Í febrúar munu fulltrúar úr eineltisteymi kynna niðurstöður könnunarinnar 2014 fyrir nemendum í 4. – 7. bekk í bekkjarstofum.

## olweus.is

- \* Olweusarverkefnið á Íslandi sem Austurbæjarskóli er virkur þátttakandi í er með heimasíðuna hér að ofan
- \* Upplýsingar um eineltisáætlun Austurbæjarskóla er að finna á heimasíðu skólans undir „eineltisteymi“
- \* Austurbæjarskóli vinnur samkvæmt aðferðafræði Olweusar í forvörnum og viðbrögðum við einelti
- \* Vinna gegn einelti hefur forgang í skólanum og lögð áhersla á virka samvinnu við foreldra